

Perform+ Bathroom Primer

Baðherbergjagrunnur



Efnislýsing

Perform+ Bathroom Primer er vatnsþynnanlegur, blátónaður, glær grunnur sem inniheldur mygluvörn. Grunnurinn notast sem viðloðunar- og þéttigrunnur í rökum rýmum en einnig sem límgrunnur fyrir glertrefjastriga. Perform+ Bathroom Primer binst undirlaginu vel og býr til heilt og varanlegt, vatns- og rakapétt undirlag.

Perform+ Bathroom Primer er viðurkenndur grunnur samkvæmt viðmiðunarstaðli MVK fyrir rými sem þola eiga raka.



Meðhöndlun

1. Óslétt undirlag skal spartla með Professional Vátrum.
2. Grunnið síðan spartlið og ómálað undirlag með Perform+ Bathroom Primer eftir að hann hefur verið þynntur út með vatni í hlutfallinu 1:1.
3. Grunnið þá flötinn aftur með nær óþynntum Perform+ Bathroom Primer. Ef setja á upp glertrefjastriga skal leggja hann í blautan á grunninn og grunna strax aftur yfir með Perform+ Bathroom Primer.
4. Eftir að grunnurinn er fullþornaður skal mála yfir með Perform+ Bathroom tvær umferðir (notið nýja rúllu).

Varast skal að vatn komist nálægt nýmáluðum flötum fyrr en eftir 7 daga. Málið ekki ef hitastig er undir +10 °C.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Akryl

Gljástig: Glansandi

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 5 klst.

Yfirmálun: 7 klst.

Hiti við málun: minnst +5°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: 2-5 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 1, 2,5 og 10 lítra fötur

Stofnar: Blátóna

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/b) 100 g/l.):

Inniheldur mest 35 g/l



SÉREFNI

Síðumúla 22 | Sími 517 0404 | serefni.is